

Skilablað – Þjóðmenningarhús, viðgerð skorsteina

Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirkomulag skilamats segir: „**Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati**“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguþúsnaðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna Þjóðmenningarhússins – viðgerð skorsteina.

1 Upphaf verkefnis

Guðrún Garðarsdóttir, skrifstofustjóri Þjóðmenningarhúss, hafði samband við Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) í febrúar 2011 og óskaði eftir fundi með fulltrúa stofnunarinnar varðandi hrun múnverks af austasta skorsteini Þjóðmenningarhússins. Verkaupi var mennta- og menningarmálaráðuneyti en þjóðminjasafnið tók við því hlutverki frá ársbyrjun 2014.

Verkefnastjóri verkefnisins hjá FSR var Sigurður Norðahl.

2 Verklýsing

Verkefnið samanstóð af vettvangsskoðun, ástands- mati og kostnaðaráætlun með aðstoð EFLU verkfraeðistofu hf.

3 Verknúmer

Verknúmer er 502 0830.

4 Framvinda

Í júní 2012 var farið í örútboð. Engin tilboð bárust og var þá haft samband við Múrlínu ehf. um tilboð sem barst í september 2012. Ekki var talið ráðlegt að fara í viðgerð þá um haustið.

Á árinu 2013 var tilboðið endurskoðað og verktaki gerði ráð fyrir að hefjast handa í ágúst 2013.

Sumarið 2013 var með ólíkindum vætusamt og óskaði verktaki því eftir að fresta verkinu til vorsins 2014. Þjóðminjasafnið var upplýst um stöðuna og þar með lauk aðkomu FSR.

5 Kostnaður verkefnis

Kostnaður verkefnis var 453.000 kr.

6 Niðurstaða verkefnis

Ástandsmat og kostnaðaráætlun án framkvæmdar.

7 Ákvörðun verkkaupa

Þjóðminjasafnið sá síðar um viðgerðir.

8 Verklok

Mars 2014.

9 Staðfesting skilablaðs

Undirritaðir staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Hafsteinn S. Hafsteinsson, forstjóri, settur



Sigurður Norðahl verkefnastjóri